

STAÐA MÁLS

Málnr.:	19-115F031
Dags:	27. júlí 2019
Staður:	Á flugvellingum á Haukadalsmelum
Lýsing:	Brotlenti í flugtaki
Staða máls:	Júlí 2020: Í rannsókn

Flugmaður hugðist fljúga TF-CRZ (Piper PA-12 Replica) og æfa landingar fyrir landingakeppni sem skipulögð var síðar um daginn.



Að sögn sjónarvotta klifraði flugvélin mjög bratt í flugtakinu með mikið afl á hreyflinum.

Klifurhorn flugvélarinnar hélt áfram að aukast uns hún virtist hanga á hreyflinum. Því næst var aflið dregið af hreyflinum, flugvélin féll niður á hægri vænginn og spann einn hring til jarðar.

Á vettvangi mátti sjá að aftari stýrisstöng fyrir hæðar- og hallastýri flugvélarinnar var fest aftur við aftara sætið með öryggisbelti þess.

Rannsóknin beinist að notkun sætisbeltis sem stýrsláss¹, undirbúningi flugs, fyrirflugskoðun sem og gátlistum og notkun þeirra.

¹ gust lock